

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. ágúst til 31. október 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 221/1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. júlí 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Jóhann Baldursson.

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur, vörugjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

Landbúnaðarhræfni	Innlendt viðmiðunarverð kr/kg	Erlent viðmiðunarverð kr/kg
Smjör	275,00	69,04
Smjör, óniðurgreitt	967,51	69,04
Mjólkurduft	240,00	79,42
Undanrennumjöl óniðurgreitt	306,85	63,53
Ostur	450,62	145,66
Nautgripakjöt	487,20	153,90
Kindakjöt	486,20	109,22
Svínakjöt	429,00	106,64
Kjúklingakjöt	396,50	73,67

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

Tollskrár- númer	Verðjöfnunar- gjald kr/kg	Tollskrár- númer	Verðjöfnunar- gjald kr/kg	Tollskrár- númer	Verðjöfnunar- gjald kr/kg	Tollskrár- númer	Verðjöfnunar- gjald kr/kg
0402.1000	161	0403.9003	28	0406.3000	312	1905.9051	99
0403.1001	66	0403.9004	108	0406.9000	244	1905.9059	68
0403.1003	34	0403.9009	183	1602.4900	108	2202.9001	42
0403.9001	28	0405.0000	251	1901.2023	99		
0403.9002	28	0406.2000	388	1901.2024	68		

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast gildi 1. ágúst 1994. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir um sama efni nr. 214/1994 og 365/1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júlí 1994.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari og skulu þau standa undir kostnaði stofnunarinnar við þar tilgreinda þjónustu.

2. gr.

Vottorð um veður:	kr.
2.1. Grunngjald	3.000
2.2. Hvert atriði í veðurathugun	15
2.3. Hvert spásvæði í veðurspá/yfirlit	500